

**Ed.**

**458. Nefndarálit**

[178. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaður telur ástæðu til að gagnrýna þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við sölu á lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði. Í stað þess að gefa heimamönnum kost á að mynda almenningshlutafélag um kaupin er fyrirtækið selt tilteknum hópi manna sem flestir búa utan Siglufjarðar. Þá telja margir verð eignarinnar og greiðsluskilmála hagstæðari kaupendum en gengur og gerist. Ekki tel ég þó ástæðu til að vefengja þær upplýsingar, sem fram hafa komið í iðnaðarnefnd, að húsakostur og tæki fyrirtækisins hafi verið í verra ásigkomulagi en í fyrstu var ætlað og söluverð hafi því varla verið of lágt.

Alþýðuflokkurinn telur ríkis- og bæjarrekstur fyrirtækja vænlegan kost til að tryggja atvinnu og laða félagslegt framtak til uppbyggingar atvinnulífs. Það hefur hins vegar komið í ljós að ríkisvaldið hefur á undanförunum árum brugðist skyldum sínum gagnvart þessu tiltekna fyrirtæki. Það hefur aldrei fengið nægilega fjármuni til uppbyggingar, þrátt fyrir margítrekaðar ábendingar heimamanna og stjórnenda fyrirtækisins um nauðsyn þess og því ekki verið sinnt sem skyldi. Þó skal þess getið að í einu tilviki var sémilea gert en það var þegar komið var upp rækjuvinnslu í fyrirtækinu. Sá þáttur rekstrarins mun reyndar hafa gengið skaplega. Það er vegna sinnuleysis stjórnvalda að fyrirtækið hefur staðið á brauðfótum, vanbúið rekstrar- og tæknilega, auk þess sem hráefni hefur skort, oft vegna ónógrar fyrirgreiðslu. Atvinnuástand á Siglufirði er erfitt og atvinnuöryggi verkafólks hættu búið.

Fyrirsjáanlegt er að núverandi valdhafar stuðla ekki að uppbyggingu þessa fyrirtækis frekar en fyrri ríkisstjórn. Það er því ekki vænlegur kostur að viðhalda óbreyttu rekstrarformi. Alþýðuflokkurinn telur atvinnuöryggið skipta meira máli en nokkuð annað. Þess vegna tel ég ástæðulaust, þrátt fyrir nokkrar efasemdir um vinnubrögð, að leggjast gegn sölu fyrirtækisins.

Ljóst er nú þegar að með yfirtöku nýrra eigenda hefur tekist að fá fjármagn til gagngerðra endurbóta og uppbyggingar á fyrirtækinu. Í trausti þess að hinir nýju eigendur reki fyrirtækið af þrótti og skapi verkafólki trausta atvinnu mæli ég með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. mars 1984.

Karl Steinar Guðnason.